

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

Reykjavík 30. júlí 2020

**Áform um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 60/2013, um náttúruvernd
(málsmeðferð o.fl.) _ Umsögn Reykjavíkurborgar**

Áformin snúa að því að stytta málsmeðferðartíma friðlýsinga og færa heimildir til undanþágu frá ákvæðum friðlýsingar, sem nú eru hjá ráðherra, yfir til Umhverfisstofnunar. Enn fremur að kortleggja óbyggð víðerni og að bann við losun úrgangs nái líka yfir svæði í náttúrunni almennt en ekki bara áningastaði og tjaldstæði.

Umsögn.

Tekið er undir það að málsmeðferðartími friðlýsinga er óþarflega langur og að sú tímalengd sem hér er lögð til, á kynningu áforma skv. 38. gr. og kynningu á drögum friðlýsingarskilmála skv. 39. gr., sé fullnægjandi enda hafi málið verið vel kynnt fyrir hagsmunaaðilum.

Það er til bóta að færa heimildir til undanþágu á ákvæðum friðlýsingar til Umhverfisstofnunar enda sér stofnunin um framkvæmd og eftirlit með lögnum. Og ákvörðunin verður síðan kæránleg til ráðherra.

Það er nauðsynlegt að kortleggja óbyggð víðerni til að átta sig betur á umfangi þeirra.

Það er sjálfsagt að rýmka bann við losun úrgangs þannig að það nái yfir náttúruna almennt en ekki einungis um áningarstaði og tjaldstæði.

Fyrir hönd Reykjavíkurborgar,

Þórólfur Jónsson
deildarstjóri náttúru og garða